

Nd.

244. Tillaga

til þingsályktunar um eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir norðurlandi.

Flutningsm.: Sigurjón Á. Ólafsson, Héðinn Valdimarsson,
Haraldur Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis skorar á ríkisstjórnina að láta varðskipið og björgunarskipið „Þór“ vera við eftirlits- og björgunarstarf með fiskibátum fyrir norðurlandi á svæðinu frá Skaga til Tjörness á tímabilinu frá 1. september og þar til sjósókn er almennt lokið að haustinu.

Ástæður.

Á seinni árum hefir mótorbátaútgerð vaxið mjög ört norðanlands, sérstaklega á Siglufirði, Ólafsfirði, Hrisey og Dalvík, nokkur útgerð með mótorbátum frá Húsavík og einnig á Skagafirði.

Samkvæmt upplýsingum frá Fiskifélagi Íslands voru mótorbátar opnir og þiljaðir gerðir út síðastl. sumar frá veiðistöðvum norðanlands sem hér segir:

Siglufirði	55	bátar	með	216	manna	áhöfn
Ólafsfirði	36	—	—	111	—	—
Dalvík	13	—	—	44	—	—
Hrisey	23	—	—	86	—	—
Grýtubakkahr. ...	11	—	—	38	—	—
Húsavík	20	—	—	61	—	—
Sauðárkróki	13	—	—	40	—	—
Hofsósi	11	—	—	34	—	—

Samtals 182 bátar með 630 manna áhöfn.

Mestur hluti báta þessara mun stunda sjósókn fram eftir septembermánuði og flestir stærri bátanna halda áfram veiðum fram eftir hausti, ef afli og veðráttu leyfir. Sérstaklega munu Siglufirðingar halda lengst úti bátum sínum, enda er krafan um gæzluskip til öryggis lífi manna frá þeim komin fyrst og fremst.

Allar ástæður mæla með því, að kröfu þeirra sé sinnt í þessu efni. Um þennan tíma árs er allra veðra von. Blindhriðar af norðri geta skolið á í skyndi, en þá er erfitt um landtökuna, þó að inn á firði sé að sækja. Vélar bila oft og einatt og bátarnir eru illa fallnir til þess að bjarga sér á seglum. Sjósókn er á stundum alllöng og því langt til lands, ef eitthvað út af ber. Ýmsar hættur aðrar en þessar geta verið fyrir hendi, og allar styðja þær að því, að hafizt verði handa og úr hættunum dregið með því, að skip sé á varðbergi til hjálpar, ef einhver slys ber að höndum. Varðskipið „Þór“ er sérstaklega keypt og starfrækt með þetta fyrir augum hvað Vestmannaeyjum við kemur á vetrarvertíð. En á þeim tíma árs, sem hér að framan getur, er hans ekki þörf þar, og er hann því tilvalið skip til þess að vera á verði fyrir norðurlandi.